

Ed. 144. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 og 5. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Launaskattur skal nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Launaskattur af öðrum vinnulaunum og atvinnutekjum en um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 2. gr. skal nema 3,5%.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af launaskatti fer eftir ákvæðum laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskræktarstöðvum. Vinna við skógrækt telst landbúnaðarstarf í þessu sambandi. Veiði í ám og vötnum, fiskrækt og gæsla veiðiréttar teljast hins vegar ekki landbúnaðarstörf.

3. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Greiðslum fyrir yfirstjórn og öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal skipt upp í gjaldflokka launaskatts, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., í sömu hlutföllum og eru milli heildargreiðslna í hverjum gjaldflokki, sbr. 1. mgr., áður en umræddar yfirstjórnargreiðslur eru meðtaldar og reikna launaskatt af þeim í samræmi við það.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988 og skal launaskattur samkvæmt þeim greiddur af öllum launum vegna starfa sem unnin eru frá og með þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1988 er gert ráð fyrir að fyrsta skrefið í átt til samræmingar launaskatts verði stigið nú um áramótin með því að leggja 1% launaskatt á allar atvinnugreinar, sem nú eru undanþegnar launaskatti, nema búrekstur. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram.

Samkvæmt gildandi lögum eru auk launa fyrir landbúnaðarstörf eftirtalin vinnulaun og þóknunir undanþegin skattskyldu samkvæmt lögum um launaskatt:

1. Laun fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
2. Laun fyrir störf við fiskrækt.
3. Laun fyrir störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með talin störf hlutaráðinna landmanna sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

Í frumvarpi þessu er lagt til að greiða beri 1% launaskatt af vinnulaunum og þóknunum í starfsemi þeirri sem um getur í 1.–3. tölul. hér að ofan frá og með 1. janúar nk. Tekjuauki af launaskatti vegna þessarar breytingar er talinn verða um 400 m.kr. á næsta ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér þá breytingu að greiða skal 1% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá skattskyldum aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar, þar með talin fiskrækt, eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Launaskattsskylda annarra atvinnugreina verður hins vegar óbreytt.

Eins og frá er greint í almennu athugasemdunum hér að framan hefur atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar m.a. verið notuð til þess að afmarka skattfrjálsa starfsemi frá skattskyldri starfsemi samkvæmt lögum um launaskatt. Þessi aðferð hefur gefið góða raun og því er lagt til að hún verði notuð áfram við afmörkun á gjaldskyldunni.

Með fiskveiðum skv. 1. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar er átt við úthafsveiði, veiði á grunnmiðum, veiði í ám og vötnum, fiskklak og fiskrækt, svo og gæslu veiðiréttar í ám og vötnum. Hvalveiði, selveiði, rækju- og humarveiði og veiði annars skelfisks, svo og perlu-, svampa- og þörungaveiði, fellur einnig undir þennan flokk.

Með iðnaði skv. 2. og 3. flokki í nefndri atvinnuvegaflokkun er átt við atvinnustarfsemi í verksmíðjum, verkstæðum og heimilum sem er fólgin í vélrænni eða efnafræðilegri umbreytingu gæða í nýjar afurðir, þar með talin viðgerðarstarfsemi, hvort sem unnið er í vélum knúðum orku eða í höndunum og hvort sem afurðirnar eru seldar í heildsölu eða smásölu. Samsetning fullgerðra hluta er talin til iðnaðar nema um sé að ræða byggingarstarfsemi (samsetningu á byggingarstað) en hún telst ekki iðnaður í þessu sambandi.

Rétt þykir að vekja athygli á því að til þessa hefur verið greiddur 3,5% launaskattur af greiðslum fyrir yfirstjórn í fiskveiðum. Ástæðan fyrir þessu er sú að undanþága skv. 4. tölul. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga hefur takmarkast við sjómenn og hlutaráðna landmenn. Af afmörkun gjaldskyldunnar vegna fiskveiða með framangreindum hætti leiðir hins vegar að greiða ber 1% launaskatt af greiðslum vegna yfirstjórnar í þessari starfsemi í stað 3,5% áður. Breyting þessi þykir eðlileg auk þess sem hún leiðir til samræmingar og einföldunar í framkvæmd.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. gildandi laga eru auk launa fyrir landbúnaðarstörf laun í fiskverkun, iðnaði, fiskrækt, svo og laun fyrir sjómannsstörf, undanþegin launaskatti. Laun fyrir þessi störf, önnur en landbúnaðarstörf, verða gjaldskyld, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og því er nauðsynlegt að breyta 2. gr. laganna í samræmi við það. Rétt er að taka fram að launaskattsskylda vegna starfa í skógrækt hefur verið nokkrum vafa undirorpin á liðnum árum. Af þessum sökum er lagt til í þessari grein að þau verði beinlínis undanþegin eins og laun fyrir landbúnaðarstörf.

Um 3. gr.

Vegna hins nýja gjaldstigs er nauðsynlegt að breyta ákvæðum um hlutfallslega skiptingu launa vegna yfirstjórnar á milli gjaldflokka þegar um er að ræða aðila er stundar fjölþætta starfsemi sem ýmist skal greiða af 3,5%, 1% eða engan launaskatt. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.